

Ed.

692. Frumvarp til laga

[246. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

16. gr. a, fyrri málslíður orðist svo:

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{5}$ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10/1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum frá 1963, um tollskrá o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi til laga um tollskrá o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að m. a. verði felldur niður 8% innflutningssöluskattur, en samkvæmt lögum nr. 69/1962, 16. gr. a., rennur $\frac{1}{5}$ hluti hans til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í athugasemdum um frv. til laga um tollskrá o. fl. segir m. a. svo:

„Samkvæmt lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, ber að greiða Jöfnunarsjóði sveitarfélaga $\frac{1}{5}$ hluta af söluskatti þeim (3%), sem samkvæmt 1. tölulið 1. gr., sbr. og II. kafla laganna, er lagður á vörusölu og þjónustu innanlands. Enn fremur á að greiða Jöfnunarsjóði $\frac{1}{5}$ hluta af viðbótarsöluskatti (8%) þeim, sem samkvæmt a-lið ákvæða til bráðabirgða við áðurgreind lög er innheimtur af innfluttum vörum.

Eins og annars staðar er getið, fellur nú innflutningssöluskatturinn niður, og verður yfirleitt verðtollur einn á þeim vörum, sem eigi eru tollfrjálsar. Af því leiðir, að frá gildistöku tollskrárinnar fellur hluti Jöfnunarsjóðs af 8% innflutningssöluskattinum. Verður að bæta Jöfnunarsjóði þann tekjumissi.“

Varðandi yfirstandandi ár er svo kveðið á í 40. gr. tollskrárfrv., að greiða skuli „á árinu 1963 af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkvæmt 1. tölulið 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga nái 104 milljónum króna á árinu 1963.“ En í fjárlögum fyrir árið 1963 er gert ráð fyrir, að hluti Jöfnunarsjóðs á því ári nemi þeirri upphæð.

Varðandi skipun þessara mála eftir næstu áramót er lagt til, að ákveðinn hundraðshluti verðtolls, samkv. væntanlegum lögum um tollskrá o. fl., skuli renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 1. janúar 1964 í staðinn fyrir þann fimmtung, sem sjóðnum bar af 8% innflutningssöluskatti.

Hluti þessi af innflutningssöluskattinum nam ca. 4.3% á árinu 1962 af þeim aðflutningsgjöldum, sem verðtollurinn samkvæmt frumvarpinu um tollskrá o. fl. kemur nú í staðinn fyrir.

Með þessu frv. er lagt til, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hljóti 5% af verðtolti samkvæmt hinni nýju tollskrá frá 1. janúar 1964.